

Veitu- og hafnaráð Dalvíkurbyggðar - 82 (6.2.2019) - Ósk um viðauka við fjárhagsáætlun 2019, vegna ákvæðis í samningi um vatnsréttindi að Brimnesborgum.

**Málsnúmer** : 201902029

**Málsaðili** : Hitaveita Dalvíkur

**Niðurstaða (stutt)** :

**Fundardagur** : 06.02.2019

**Inngangur** : Í samningi um jarðhitaréttindi, dags. 21. ágúst 2008, sbr. 1. lið 3. mgr. 2. gr. viðaukans en þar segir:

Í hvert sinn þegar því marki hefur verið náð að selt vatnsmagn hefur aukist um 50.000 rúmmetra þá verði greiddar kr. 859.328. Seljendur eiga skv. þessu rétt á þessum greiðslum þegar selt vatnsmagn hefur náð 400.000 m<sup>3</sup>.

Að öllu venjulegu þá hefði einungis verið greidd lóðaleiga samkvæmt fyrri samningi um vatnsréttindi en gert var ráð fyrir slíkri greiðslu í fjárhagsáætlun.

**Niðurstaða** : Veitu- og hafnaráð samþykkir samhljóða, með fimm atkvæðum, að óska eftir viðauka vegna þessarar samningsbundnu greiðslu. Kostnaður vegna þess greiðist af auknum tekjum vegna vegna meiri vatnssölu.